



Sigga á Grund, fyrir miðju ásamt Lilju Dögg Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráherra sem kom í afmælið og hélt ávarp, Huldu sveitarstjóra, Árna oddvita og Helenu Ingu frá Utanríkisráðuneytinu.

Sigga á Grund fyrsti heiðursborgari Flóahrepps

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, Sigga á Grund, var í síðustu viku útnefnd fyrsti heiðursborgari Flóahrepps.

Sigga varð áttæð þann 30. maí sl og hélt upp á áfangann með veislu í Vatnsholti, þar sem fulltrúar sveitarfélagsins komu henni á óvart með því að til-

kynna um útnefningu heiðursborgarans.

Þekktust er Sigga fyrir að skera út í tré, en hún er landsþekkt listakona. Hún hefur meðal annars skorið út allar gangtegundir íslenska hestsins og síðasta vetur skar hún út eftirgerð af fundarhamri Ásmundar

Sveinssonar myndhöggvara, Ásmundarnautar, sem upphaflega var gefinn Sameinuðu þjóðunum árið 1952, en hafði brotnað, og verður hamar Siggu framvegis notaður til að stýra fundum ráðherranefndarinnar.

Komið þið væru, kærur, tæru dagar sumars



Það er skemmst frá því að segja að veðrið hafi leikið landsmenn grátt síðustu daga, með veðurviðvörðum í tveimur

litaflokkum og hitatölum sem ættu betur heima nær jólum en jónsmessu. Selfyssingar sluppu ekki með skrekkinn frekar en

aðrir, eins og sjá má á meðfylgandi myndum sem blaðamaður Dagskrárinnar tók í hvassviðrinu á þriðjudag. HGL



Mikil gleði ríkti í Safnahúsinu við úthlutunina úr Barnamenningarsjóði. Ljósmynd: Stjórnarráðið/Birgir Ísleifur

Listasafn Árnesinga hlýtur styrk úr Barnamenningarsjóði

Listasafn Árnesinga hefur lhlotið styrk upp á 4 milljónir króna, sem verður nýttur til að styðja við sérstakt verkefni með ungu fólki í Árnesýslu, Hringrásir. Verkefnið er ætlað að veita yngri kynslóðum í sýslunni tækifæri til að móta framtíðarsýn Listasafns Árnesinga og koma sínum hugmyndum og þekkingu á framfæri. Áhersla er lögð á lýðræðislega nálgun og valdeffingu barna og unglinga, sem og að skapa vettvang fyrir skapandi hugsun.

Í tengslum við verkefnið mun safnið bjóða elstu bekkjum grunnskóla í Árnesýslu að heimsækja sýninguna Hringrásir haustið 2024. Sýningin leggur áherslu á listir, náttúru og vísindi, og gefur nemendum tækifæri til að hitta listamenn og vísindamenn sem ræða saman um innihald sýningarinnar.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningarmálaráðherra, og Guðný Hilmarsdóttir, formaður stjórnar Barnamenningarsjóðs, ávörpuðu gesti við úthlutunina og sögðu frá verkefninu. „Það er blómlegt framundan í barnmenningu og gleður mig ósegjanlega mikið að sjá hversu margar umsóknir bárust,“ sagði Lilja. Barnamenningarsjóður Íslands var stofnaður árið 2018 í tilefni aldarafmælis fullveldisins og hefur það hlutverk að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnmenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi.

Úthlutunin fyrir árið 2024 var tilkynnt við athöfn í Safnahúsinu á degi barnsins, sunnudaginn 26. maí, þar sem Alda Rose verkefnastjóri fræðslu tók á móti styrknum fyrir hönd Listasafns Árnesinga.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla](https://www.facebook.com/keysrla)

Tandurhreint

Láttu okkur sjá um þriffin
Bókaðu þríf á netinu
tandurhreint.is

Heimilisþríf · Húsfélög · Fyrirtæki

Sími: 779 3632 · tandurhreint@tandurhreint.is

Bláskógaveita/Bláskógabyggð

Útboð vegna borunar eftir heitu vatni



Bláskógaveita sem er í eigu Bláskógabyggðar óskar eftir tilboðum í borun eftir heitu vatni í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða borun á tveimur vinnsluholum í samræmi við prufuholur og rannsóknir ÍSOR. Annars vegar í vesturjaðri þéttbýlis í Reykholti og hins vegar að Laugarvatni við hlað menntaskólans.

Framkvæmdatími er fyrirhugaður frá undirritun verk-samnings til 20. september 2024.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi (.pdf) með tölvupósti frá og með fimmtudeginum 6. júní 2024. Beiðnir um afhendingu útboðsgagna skulu sendar á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda auk upplýsinga um tengilið. Tilboðum skal skilað eigi síðar en fimmtudaginn 20. júní 2024 kl. 11:00, í samræmi við upplýsingar í útboðsgögnum.

Fyrir hönd Bláskógaveitu/Bláskógabyggðar: Kristófer Tómasson sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs



Nýsköpun innviða

Innviðir og stafræn þróun

Verkefni sveitarfélaga eru fjölbreytt og verkefnum fjölga frekar en fækkar.

Hvert og eitt sveitarfélag leggur metnað sinn í góða grunnþjónustu. Aukin krafa er á sveitarfélög um samkeppnishæfni við nágrannasveitarfélög um val á búsetu sem kallar á framúrskarandi þjónustu talsvert út fyrir hin lögbundnu verkefni.

Þessu ákalli vilja sveitarfélögin standa undir og kallar þetta því á forgangsröðun hvers sveitarfélags. Það er því nú sem fyrr hlutverk okkar sveitarstjórnarmanna, að leita allra mögulegra leiða til hagkvæmrar ráðstöfunar á fjármagni.

Eitt stærsta innviðamálið í dag

Stafræn þróun er mikilvægt innviðamál og jafnframt lykilatriði í byggðapróun. Með stafrænni þróun getum við minnkað álag á starfsfólk stofnana og þar með náð fram aukinni skilvirkni, við getum sparað fjármagn og við getum aukið þjónustu við íbúana. Þjónustan verður nær íbúanum og ávallt til staðar hvort sem sveitarfélagið er lítið eða stórt.

Við sem sveitarstjórnarmenn berum ábyrgð á rekstri sveitarfélaga og því er það okkar hlutverk að leita leiða til að þjónusta sem best á sem hagkvæmastaan hátt.

Stafrænt ráð sveitarfélaga

Stafrænt ráð sveitarfélaga er teymi sem sett var saman með fulltrúum landshlutasamtaka sveitarfélaganna árið 2020 til að

styðja við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna framþróun.

Sex markmið hafa verið samþykkt af landsþingi Sambandsins en markmiðin snúa beint að stafrænni þróun.

Sambandið vinni stefnumörkun og aðgerðaáætlun í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og ríkið

Auka þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks og annarra hagaðila á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn áskorana.

Vinna að pappírslausri stjórnsýslu sveitarfélaga og beita sér fyrir rafrænum skilum.

Upplýsingartækniinnviðir sveitarfélaga verði þróaðir á grundvelli sameiginlegra kröfulýsinga og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram auknu rekstrarhagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna sé tryggt.

Stafrænt umbreytingateymi sveitarfélaga verði miðlægur þjónustukjarni með skilgreint umboð og hlutverk, mannað stafrænum leiðtogum í öllum landshlutum sem veita sveitarfélögum stuðning.

Efla samstarf við ríkið (Stafrænt Ísland) til að sveitarfélög geti nýtt miðlægan vettvang, ísland.is, við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög.

Frá því í haust hefur verið settur enn meiri þungi í að vinna með stefnumótunina og markmiðin sex.



Mikilvægi samstarfs

Samstarf sveitarfélaga innbyrðis og samstarf sveitarfélaga og ríkis – er gríðarlega mikilvægt. Að sveitarfélögin sjálf stígi fram sem ein rödd í samskiptum við ríkið. Það er á ábyrgð okkar sveitarstjórnarmanna að eiga samtalið, sameina krafta okkar, fara vel með opinbert fjármagn og forðast tvíverknad.

Stafræn þróun byggir upp sjálfstraust. Við sköpum notendavænar lausnir, aukum sjálfstæði notandans og létum á innviðunum – enda er hér um nýsköpun innviða að ræða.

Það er von mín að sveitarfélögin og ríki starfi sem ein heild í átt að aukinni þjónustu fyrir íbúa landsins með stafræna þróun að leiðarljósi.

Erindi þetta var flutt á afar gagnlegum nýsköpunardegi hins opinbera sem fram fór þann 15. maí s.l.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar
og formaður starfræns ráðs
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sumarlestur alla fimmtudaga í júní

Sumarlestur Bókasafns Árborgar á Selfossi hefst með pompi og prakt þann 6. júní kl. 13:00 og fyrsti gestur þessa sumars verður enginn annar en Gunnar Helgason rithöfundur. Gunnar mun m.a. lesa úr bókunum Bannað að drepa og Amma slær í gegn! en sú síðarnefnda er glæný, kemur út 2. júní.

Sumarlesturinn fær nýtt þema á hverju ári og í ár verða barnabókahetjur heimsins í aðalhlutverki, en undanfarna mánuði hefur einmitt staðið yfir samnefnt verkefni á safninu. Það verkefni miðar að því að safna barnabókum á öllum þeim 40 tungumálum sem töluð eru í leik- og grunnskólum Árborgar og ef allt fer eins og áætlað er verður því takmarki náð nú í júní.

Sumarlestur er ókeypis lestrarhvetjandi námskeið fyrir krakka í 3. – 5. bekk. Börnin koma á bókasafnið einu sinni í viku í 4 vikur þar sem þau fá skemmtilega fræðslu og taka þátt í lestrarhvetjandi uppláttum enda markmiðið að viðhalda lestrarhæfni og kynna ævintýra-

heim bóka fyrir börnunum.

Skráning í Sumarlestur er nauðsynleg og hægt er að skrá sig á: <https://shorturl.at/N5NJK> Einnig er hægt að skrá þátttakendur í afgangsbókunum Bókasafnsins. Skráningu líkur 5. júní. Allar nánari upplýsingar um Sumar-

lesturinn er hægt að nálgast á <http://bokasafn.arborg.is/> Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja
Starfsfólk Bókasafns Árborgar Selfossi.



Teikning: Moira D. Richard.

Pylsuvagninn 40 ára Afmælishátíð 9. júní

Pylsuparty frá 14-16 (frítt)
BMX BRÓS mætir frá
15-16 með afmælissýningu.



40% afsláttur allan daginn



Landsbankinn styður áfram við Golfklúbb Selfoss

Skrafað hefur verið undir samning um áframhaldandi samstarf Landsbankans á Selfossi og Golfklúbbs Selfoss og verður Landsbankinn því áfram einn af aðalsamstarfsaðilum Golfklúbbsins. Með samstarfinu vill bankinn sýna í verki áhuga sinn og stuðning við forvarna-, æskulýðs- og íþróttamál.

Landsbankinn hefur um árabíl verið einn af öflugustu styrktaraðilum Golfklúbbs Selfoss og tekið virkan þátt í mótahaldi sem og stutt vel við uppbyggingu á barna- og unglingastarfi í klúbbum. Það er því virkilega ánægjulegt að samstarfið haldi áfram.



Á myndinni eru f.v.: Helga Guðmundsdóttir fjármálaráðgjafi, Hlynur Geir Hjartarson Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Selfoss og Nína G. Pálsdóttir, útibússtjóri á Selfossi.

Landsbankinn styður áfram við Brúarhlaupið og frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

Samið hefur verið um áframshaldandi samstarf Landsbankans á Selfossi og frjálsíþróttadeildar Ungmennafélagsins Selfoss og verður bankinn því áfram einn af aðalsamstarfsaðilum Brúarhlaupsins á Selfossi og frjálsíþróttadeildarinnar.

Landsbankinn og frjálsíþróttadeildin hafa átt gott samstarf um árabíl. Með samstarfinu vill Landsbankinn sýna í verki áhuga sinn og stuðning við forvarna-, æskulýðs- og íþróttamál.

Eins og margir Selfyssingar muna stóð Landsbankinn á árum áður fyrir sérstöku Landsbankahlaupi á Selfossi og naut aðstoðar frjálsíþróttadeildarinnar við framkvæmdina. Landsbankahlaupið var fyrst haldið á 100 ára afmæli bankans árið 1986

og var árlegur viðburður þar til Brúarhlaupið tók við á 100 ára afmæli Ölfusárbrúar árið 1991. Þar með snerist samstarfið við því síðan hefur bankinn bæði



Á myndinni eru f.v.: Helga Guðmundsdóttir fjármálaráðgjafi, Hjalti Jón Kjartansson, formaður frjálsíþróttadeildarinnar og Nína G. Pálsdóttir, útibússtjóri á Selfossi.

Sumardagskrá Alviðru 2024

Dagskrá er að jafnaði 3 klst. löng og hefst kl. 14:00 nema annað komið fram. Boðið er upp á spjall og hressingu í gamla bænum að aflokinni útiveru og göngu. Ekki er krafist aðgangseyris en frjáls framlög eru vel þegin.

Laugardaginn 8. júní kl. 14:00
Fuglar og flóra við Sogið - Einar Þorleifsson og Rannveig Thoroddsen, Náttúrufræðingar.

Laugardaginn 15. júní kl. 14:00
Smádyralíf í og við Sogið - Gísli Már Gíslason prófessor.

Sunnudag 23. júní kl. 13:00
Ganga á Ingólfsfjall (Jóns-

messuganga) – Tryggvi Felixson leiðsögumaður kl. 13:00 – 18:00.

Sunnudagur 18. ágúst kl. 14:00
Veiddagur í Soginu í samstarfi við Starir ehf.

Sunnudagur 25. ágúst kl. 14:00
Jarðfræði Ingólfsfjalls og umhverfis - Þorgerður María Þorbjarnardóttir, jarðfræðingur og



formaður Landverndar.

Sunnudagur 15. september – í tilefni af Degi íslenskrar náttúru kl. 14:00, Náttúruhlaup um Öndverðarnes – Ágústa Þ. Jónsdóttir varaformaður Landverndar „Haustuppskeruhátíð grenndargarða Alviðru“– Auður I. Ottesen, garðyrkjumaður.

Gáta vikunnar

Hún er stundum eldhúsborði á, oft við vatnabátinn gera má, (sögn) Fór að hrekkja 'ún Skjóna alveg óð, (sögn) einn í burt er völdug risapjóðr.

Svar við gátu í blaði 2755: SKUTLA
4. lína: Rafmagnshjólátik



Alexander Adam sigraði í Enduro fyrir alla

Enduro fyrir alla fór fram í Þorlákshöfn 25. maí síðastliðinn þar sem um 70 keppendur tóku þátt. Iðkenndur frá UMFS stóðu sig heldur betur vel þennan dag, Alexander Adam gerði sig lítið fyrir og sigraði daginn,

Eric Máni varð í 4. sæti overall en í 3. sæti í flokknum 14-19 ára og nýliðinn Annel Adam endaði í 8 sæti flokknum 14-19 ára frábært árangur hjá strákunum. Næsta enduro keppni fer ekki fram fyrr en 22. júní í Bolaöldu.



Annel #165



Startið



Sigurvegur overall - 1. sæti Alexander Adam #61, 2. sæti Máni #65 og 3. sæti Ármann #162



Máni #65 og Alexander Adam #61 í hörku race



Máni #65, Alexander Adam #61 og Annel #165



Alexander Adam #61 kominn fram úr Mána #65



Alexander Adam #61



Eric Máni #24

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

pitstop **TORFÆRAN**



**Ekki missa af Pitstop Torfærunni
sem haldin verður í Stangarhyl við
Laugarvatnsveg í Grímsnesi n.k
laugardag kl.11.00**

**Verð 3.000 kr. frítt fyrir 12 ára og yngri
Einnig hægt að kaupa miða á stubb.is**



ÁFERÐ FLUGI



Vélsmíðja Suðurlands



KHG Þjónustan



STALIDJAN



STANGARHYLUR



STADSETNING

Fórna sér!

Á vorhátíðinni Fjör í Flóa sem fram fór um síðustu helgi afhenti Helena Hólm úr umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps verðlaun fyrir myndasamkeppnina „Flóaplokk 2024“.

Nefndin valdi myndina „Fórna sér!“ sem sigurvegara í ár en á myndinni er Brynhildur Katrín Franzdóttir í Ólvisholti

að plokka rusl og nokkuð ljóst af myndinni að dæma að Brynhildur fórna sér fyrir málefnið. Halla Kjartansdóttir, móðir Brynhildar tók myndina.

Í tilkynningu frá Flóahreppi segir að fjölmargar skemmtilegar myndir hafi borist frá plokkdeginum þar sem fjölmörg lögðust á eitt við að fegra umhverfið í Flóanum.



Hreinsunardagur í Kotstrandarkirkjugarði

Laugardaginn 8. júní kl.10-14 lefnir kirkjugarðsnefnd Kotstrandarkirkjugarðs til hreinsunardags í garðinum. Þá er tilvalið að nota tækifærið að snyrta

leiði ástvina eða taka þátt í hreinsun og viðhaldsverkefnum í garðinum. Boðið verður upp á hressingu.



Kryddjurta-námskeið 11. júní

Kennari er Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur. Farið verður yfir helstu tegundir sem rækta má bæði úti og inni. Einnig bragðkynning á ýmsum kryddtegundum og ostum.

Staðsetning: Fossheiði 1, 800 Selfossi
Tími: 11. júní kl. 18:00 - 21:00
Almennt verð: 10.000 kr.
Félagsmenn NLFR: 6.000 kr.

Skráning á netfangið nlfi@nlfi.is



Náttúrulækningafélag
Reykjavíkur
www.nlfi.is

- berum ábyrgð á eigin heilsu

Konurnar á Eyrarbakka

Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga

Sýningin Konurnar á Eyrarbakka verður opnuð sunnudaginn 9. júní kl. 15.00 í Byggðasafni Árnesinga, Húsinu á Eyrarbakka og byggir hún á samnefndri bók eftir Jónínu Óskardóttur, bóka-vörð og menningarmiðlara.

Á sýningunni er fjallað um líf og störf kvenna í þorpi sem var lengi eitt stærsta þéttbýli á Íslandi. Þar birtast frásagnir um lífið innan og utan heimilis, um hversdagslífið og afrekin. Aðalpersónur eru 38 konur sem allar lifðu eða mundu tíma þegar nýtni og þrautseigja, en ekki síst nágrannakærleikur, var mikilvægur þáttur í lífi allra. Umfjöllunarefnið spannar langan tíma en í kastljósi er samfélagsmyndin um miðja síðustu öld; barnaupeldi, gestagangur, stórþvottar, niðursuða, sláturgerð og molasopinn í eldhúsinu, fá pláss á sýningunni en líka kvenréttindi, menntun og ferðalög.

Jónína bókarhöfundur á rætur sínar að rekja til Eyrarbakka og er með bókinni Konurnar á

Eyrarbakka að skila áfram verki sem byggist á sagnagleði móður sinnar Hallveigar Ólafsdóttur. Í bókinni segir Jónína; „Alla tíð var mikil og sterk tenging hjá mömmu við Eyrarbakka. Í hvert sinn sem við ókum eftir aðal-götunni á Bakkanum, á leið að Eyri, æskuheimili pabba, rifjaði mamma upp kennileiti og sögur um húsin og fólkið á Eyrarbakka í den. Þá fannst mér allt lifna við

og fortíðin verða ein af farþegunum í bílnum.“

Frítt er á safnið á opnunardaginn og sýningin mun standa fram í septemberlok.

Safnið er opið alla daga kl. 10 -17.

Verið velkomin!

Sýningin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands Byggðasafn Árnesinga



Björgunarsveitir kallaðar út eftir slys í Þórsmörk

Síðastliðinn laugardag varð salvarlegt slys í Þórsmörk þegar buggy bíll valt og hafnaði í Krossá. Bíllinn var á ferð eftir vegslóða sem liggur ofan á varnargarði við Goðaland þegar hann missti stjórn og valt niður garðinn og út í ána.

Björgunarsveitir frá Hvals-velli og undan Eyjafjöllum voru kallaðar út um tíu mínútur yfir tvö, ásamt sjúkraflutningateymi.

Ökumaðurinn losnaði úr bílnum við veltuna og festist við hann. Nærstaddir komu strax til aðstoðar og losuðu hana frá bílnum og upp úr ánni.

Það var heppilegt að lækna-hópur var staddur á Goðalandi og veitti strax aðhlynningu meðan björgunarsveitir fluttu sjúkraflutningafólk á vettvang. Læknar mátu ástandið þannig að nauðsynlegt væri að kalla til

þyrilu.

Björgunarsveitir og sjúkraflutningateymi voru komin á staðinn klukkan 15:00 og þyrila var mætt klukkan 15:35, sem flutti hinn slasaða. Björgunarsveitir sinntu síðan verkefninu að ná bílnum úr ánni, sem lauk um hálf fimm. Þá héldu björgunarsveitir aftur til baka.

Ljósmyndir: Landsbjörg.



Gunnar Nelson heimsótti Berserki BJJ

Berserki BJJ fögnuðu 1 árs afmæli síðastliðinn laugar- dag. Berserki BJJ er brazilian jiu jitsu klúbbur staðsettur á Sel- fossi og hefur á þessum stutta tíma orðið að vinsælum stað fyrir BJJ iðkendur á Suðurlandi. Í tilefni afmælisins buðu Berserki BJJ til sín tveimur af þekktustu nöfnum Íslands í íþróttinni, Gunnari Nelson, UFC bardagakappa og Halldóri Loga, þjálfara í Mjölni og einum besta keppanda Íslands í brazilian jiu jitsu. Þeir Gunnar og Halldór sýndu iðkendum tækni og að því loknu fengu þátttakendur tækifæri til að glíma við við þá.



Sigurður Fannar Íslandsmeistari í júdó

Í nýliðnum mánuði voru haldin Íslandsmeistaramót yngri og eldri í júdó. Þar eignaðist Umf. Selfoss nýjan Íslandsmeistara í +100 kg flokki. Sigurður Fannar Hjaltason gerði sér lítið fyrir og vann sinn flokk á stórglæsileg- um köstum. Fylgir Sigurður þar með eftir flottri frammistöðu frá vormótinu í ár þar sem hann tók annað sætið í sínum flokki. Egill Blöndal og Breki Bern- harðsson tóku silfrið í sínum flokkum. Á móti yngri flokka tóku Mikael Kári Ibsen Ólafsson, Gestur Ingi Mariarsson og Styrmir Hjaltason allir silfrið í

undir 18 ára flokki og Mikael og Styrmir þriðja sætið í undir 21 árs flokki í sínum þyngarflokk- um. Óðin Þór Ingason og Aron Logi Daníelsson hreptu einnig þriðja sætið í sínum flokkum.



Sigurður Fannar Hjaltason 1. sæti +100KG



Sjö hjúkrunarfræðingar við HSU luku sérnámi í heilsugæsluhjúkrun

Nýverið lauk hópur hjúkr- unarfræðinga á HSU sér- námi í heilsugæsluhjúkrun frá Háskólanum á Akureyri. Markmið námsins er að efla sjálfstæði hjúkrunarfræðinga í starfi og styrkja þverfag- lega teymisvinnu ásamt því að þekkja skipulag almannavarna vegna náttúruhamfara og út- breiðslu smitsjúkdóma. Hlut- verk heilsugæslunnar er skoðað út frá samfélagslegri ábyrgð hennar í þeim tilgangi að efla færni hjúkrunarfræðinga í að vinna að þróun og framgangi heilsugæslunnar innan sam- félagsins. Starf hjúkrunarfræðinga með sérnám verður sífellt mikilvægara í heilsuvernd. Má þar nefna mæðravernd, ung- og smábarnavernd, skólahjúkrun

og heilsueflandi móttökur. Sér- þekking hjúkrunarfræðinga nýtist vel til markvissra for- varna og heilsueflingar. Þeir stuðla að bættum gæðum hjúkr- unar í samvinnu við stjórnendur og aðra starfsmenn í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar á stofnuninni. Anna Guðríður Gunnars- dótti er lærimeistari hópsins hjá HSU og hefur haldið vel utan nemana sína og á hrós skilið.

HSU



Fjölmenni við opnun sýningar Sjafnar Har

Fjölmenni var við opnun sýningar Sjafnar Har, Kross- götur „Kafað í kisturnar mínar“, laugardaginn 11. maí sl. Sýningin er að Mánamörk 1 í Hveragerði sem er salur Sjálfs- stæðismanna. Salurinn er austan við Bónus og við hliðina á Rauða kross Ís-

lands. Sýningin verður opin til 19. júní, fimmtudaga og föstudaga frá kl.16.00 til 18.00 og laugar- daga og sunnudaga frá kl.14.00 til 18.00. Allir velkomnir í gott kaffi og spjall.



Matvælaráðherra heimsótti kúabændur á Suðurlandi

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra heimsótti nýverið kúabúið á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Við það tæki- færi hitti ráðherra stjórn félags kúabænda á Suðurlandi sem skipuð er þremur konum, þeim Aðalbjörgu Rún Ásgeirsdóttir frá Stóru-Mörk 3, Bóel Önnu Þórisdóttur frá Móeiðarhvoli og Borghildi Kristinsdóttir frá Skarði í Landssveit. Stjórn félagsins ræddi ýmis málefni kúabænda við ráðherra s.s. afkomu kúabænda, búvöru- samninga og samkeppnishæfni

bænda gagnvart innflutningi. „Heimsókn á borð við þessa og þær umræður sem henni fylgdu í kjölfarið er nokkuð dýrmat. Þarna gafst kostur á að ræða þau málefni sem brenna á kúabændum en stéttin hefur þurft að takast á við auknar byrðar síðustu misseri líkt og margir landsmenn. Það er á ábyrgð okkar, kjörinna fulltrúa, að leggja við hlustir þegar kostur gefst og nýta sem best það sem við heyrum og skynjum við slík tækifæri,“ sagði matvæl- aráðherra.




F.v.: Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir formaður frá Stóru-Mörk 3, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra, Bóel Anna Þórisdóttir meðstjórnandi frá Móeiðarhvoli og Borghildur Kristinsdóttir meðstjórnandi frá Skarði í Lands- sveit.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

SUMMAR- HATÍÐ

Frábær tilboð 6.-10.júní



**SJÁÐU ÖLL
TILBOÐIN Á
BYKO.IS**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/ella myndabrengl.
Tilboð gilda til 6.-10. júní, eða á meðan birgdir endast.



-20%
**AF ÖLLUM
REIÐHJÓLUM**

*Ekki rafmagnshjólum



-20%
**AF LAMETT
VIÐAR-
PARKETI**



-20%
**AF ÖLLU
HARÐPARKETI**



-20-25%
**AF VÖLDUM
GRILLUM**



-20%
**AF ALLRI INNI-
MÁLNINGU OG
LAKKI**



-20%
**AF ALLRI
VIÐARVÖRM**



Bæjarins beztu og
Emessís í verslun BYKO
laugardaginn 8. júní
milli 13 og 15



-20%
AF ÖLLUM INNI-
LJÓSUM OG
LÖMPUM



-25%
AF ÖLLUM
SONAX
BÍLAVÖRUM



-20%
AF ALLRI
ÚTI-
MÁLNINGU



-20%
AF ÖLLUM BAÐ
INNRETTINGUM



-20%
AF ÖLLUM
HANDLAUGUM



-20%
AF ÖLLUM
BAÐPLÖTUM

Áfram gakk

Bæjarmálafélagið Áfram Árborg hefur hafið meirihluta-samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Við erum full af eldmóði fyrir því að leggja okkar af mörkum til að tryggja hag íbúa sveitarfélagsins. Við hjá Áfram Árborg þökkum Fjölu Steindóru Kristinsdóttur kærlega fyrir frábær störf sem bæjarstjóri sl. tvö ár og óskum henni farsældar í framtíðinni.

Í ljósi stöðunnar sem upp var komin, töldum við samstarf okkar við Sjálfstæðisflokkinn farsælasta kostinn fyrir íbúa Árborgar. Samstarf við Sjálfstæðisflokkinn hefur gengið vel það sem af er þessa kjörtímabils og stefnumál þessara tveggja flokka eiga mikinn samhljóð. Við erum vaxandi sveitarfélag með mikil tækifæri en höfum átt í þungu

og erfiðu verkefni vegna fjárhagsstöðu þess. Sú vinna hefur gengið ágætlega en er alls ekki lokið.

Okkur fannst þess vegna mikilvægt að tryggja það að stjórn sveitarfélagsins héldi snurðulaust áfram. Það verður að veruleika með því að mynda traustan meirihluta hratt og vel og gera eins litlar breytingar á bæjarstjórn og hægt er undir þessum kringumstæðum.

Við gerðum ákveðnar kröfur fyrir samstarfinu sem gengið var að, m.a. að laun formanns bæjarráðs yrðu lækkuð töluvert en fyrir kunnuga þá var ekki kveðið á um lækkun launa formanns bæjarráðs í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið

2024. Margar hugmyndir voru ræddar um sparnað í störfum yfirstjórnar sveitarfélagsins en engar ákvarðanir teknar þar um. Þetta geta allir kynnt sér með því að skoða samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið. Við gerum ekki lítið úr þeirri vinnu sem hefur áunnist á undanförnum tveimur árum en teljum vel mögulegt í dag að aðlaga verkefni formanns bæjarráðs að lægra hlutfalli.

Nýr málefna-samningur liggur fyrir sem báðir flokkar eru ánægðir með, sérstaklega þýðingu hans fyrir íbúa sveitarfélagsins og fjárhag. Þar sem aðeins tvö ár eru eftir af kjörtímabilinu erum við raunsæ. Við erum með fá verkefni en ætlum



að klára þau og gera það vel.

Við erum bjartsýn á samstarfið og segjum áfram gakk, áfram Árborg.

f.h. Bæjarmálafélagsins
Áfram Árborgar, Álfheiður
Eymarsdóttir, oddviti.

Óskum eftir vélamanni!

Fjölbreytt verkefni framundan
Jarðvinna - Gröfuvinna - Heyskapur

Stráehf
Vélrentakar
866 6766
stra@strae hf.is



Ferðanefnd FEBSEL býður upp á ferð í Grímsnesið þriðjudaginn 18. júní 2024

Lagt verður af stað frá Grænumörk kl. 10.00.
Leiðsögumaður; Unnur Halldórsdóttir ættuð frá Minni-Borg.

Ekið verður um Grímsnesið með viðkomu á merkum stöðum og sagðar sögur af mönnum og málefnum. Hádegisverður snæddur á Sveitasetrinu Brú (Efri - Brú).

Verð pr. mann er kr. 9.000,-.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Nefndin vill minna á að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.
Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5

Hlökkum til fararinnar.

Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972
Vigdís s. 893 6564



Nýr framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands

Nýkjörin stjórn Bændasamtaka Íslands hefur gengið frá ráðningu Margrétar Ágústu Sigurðardóttur í starf framkvæmdastjóra samtakanna frá og með 1. ágúst næstkomandi. Tekur hún við keflinu af Örvari Þór Ólafssyni, sem tók við því hlutverki tímabundið í byrjun apríl sl. samhliða störfum sínum sem fjármálastjóri samtakanna. Hagvangur annaðist ráðningarfærið og sóttu 28 manns um stöðuna.

Margrét Ágústa er lögfræðingur að mennt. Hún er með meistaraþráðu úr lagadeild Háskóla Íslands og LL.M gráðu í evrópskum og alþjóðlegum skattarétti frá Háskólanum í Lundi. Margrét hefur starfað síðustu 6 ár hjá PwC á skatta- og lögfræðisviði en þar áður um árabil hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og yfirséðanefnd. Þá er Margrét Ágústa umsjónarkennari alþjóðlegs skattaréttar við Háskólann á Bifröst.

Trausti Hjálmarsson, for-

maður Bændasamtaka Íslands: „Það er afar ánægjulegt að fá Margréti Ágústu til þessa starfs. Ég er ekki í nokkrum vafa um að lögfræðileg sérþekking hennar, m.a. í skatta- og Evrópurétti, auk tollalöggjafar bæði hérlandis og erlendis, mun nýtast okkur með margvíslegum hætti. Stjórn Bændasamtakanna er staðráðin í að taka hraustlega til hendinni á næstu misserum og árum. Margrét Ágústa á eftir að verða dýrmætur liðsauki í þeim verkefnum.“

Margrét Ágústa Sigurðardóttir: „Frá blautu barnsbeini hef ég borið djúpa virðingu fyrir bændum og störfum þeirra. Mér þykir því sérstaklega vænt um það traust sem mér hefur verið sýnt með þessari ráðningu. Engum dylst mikilvægi þess að íslenskur landbúnaður geti áfram staðið vörð um afdráttarlaus gæði og hreinleika framleiðslu sinnar ásamt því að gegna lykilhlutverki í fæðuöryggi þjóðarinnar. Við okkur blasa fjölmörg



Margrét Ágústa Sigurðardóttir

sóknarfæri og í þeim efnum geta Bændasamtökin skipt miklu máli með margvíslegum hætti. Ég er full tilhlökkunar að bretta upp ermar og taka kröftugan þátt í því mikilvæga verkefni ásamt starfsfólki og stjórn samtakanna. Ekki síður hlakka ég til þess samtals og samstarfs við bændur sem bíður mín í takti við þá áherslu stjórnarinnar að grasrótin stýri ávallt ferðinni.“

Bændasamtök Íslands

Gersemar í Krosskirkju

Krosskirkja í Austur-Landeyjum í Rangárlíngi-Eystra er án efa ein fallegasta sveitakirkja á Íslandi. Kirkja hefur verið að Krossi um aldir en sú sem nú stendur þar var reist árið 1850 og er nú friðuð. Altaristafla kirkjunnar er ein merkasta gersemi íslenskrar menningarsögu og hafa Landeyingar varðveitt hana vel í hátt í 400 ár.

Laugardaginn 8. júní nk. stendur Sögusetrið 1627 í Vestmannaeyjum fyrir dagskrá í Krosskirkju kl. 13:30.

Dagskráin helgast af því að altaristaflan í kirkjunni tengist með ýmsum hætti Tyrkjaráninu árið í Vestmannaeyjum 1627. Dagskráin verður þannig:

- Kirkjan að Krossi, sem hefur nýlega verið endurbætt, verður skoðuð.
- Fjallað verður um altaristöfluna og tengsl hennar við Vestmannaeyjar og Tyrkjaránið.

- Fjallað verður um Kláus Eyjólfsson, annan gefanda töflunnar, og lesið upp úr frásögn hans um ránið en hann fór sjálfur til Eyja skömmu eftir hina hræðilegu atburði þar og ræddi við Eyjamenn.

Dagskráin er öllum opin.

Hvernig væri að skella sér í dagsferð að Krossi og skoða söguleg tengsl kirkjunnar við Tyrkjaránið?

Þeim sem koma frá Vestmannaeyjum er bent á að Herj-

ólfsferð frá Eyjum kl. 12:00 hinn 8. júní hentar vel. Ekki er nema um 15 mín. akstur frá Landeyjahöfn að Krossi. Fyrst er beygt til vinstri inn á veg 253, Bakkaveg, að félagsheimilinu Gunnarshólma og þaðan ekið suður Gunnarshólmaveg að Krossi.

Þeir sem koma af þjóðvegi 1 beygja til suðurs inn á veg 253, Bakkaveg, og þaðan beint áfram á Gunnarshólmaveg að Krossi.

Ragnar Óskarsson
formaður Sögusetursins 1627



Hlutfallið er að lækka!

Í ljósi umræðunnar og þeirra lóvæntu breytinga sem hafa orðið á bæjarstjórn Árborgar finnst mér mikilvægt að upplýsa íbúa Árborgar um stöðuna eins vel og ég mögulega get.

Lykilatriðið er farið sé rétt með ákvarðanir bæjarstjórnar:

Við erum að lækka hlutfallið úr 61,7 prósentu niður í 42 prósent

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri prósentulækkun í fjárhagsáætlun 2024

Ég tók auðmjúkur við oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Árborg vorið 2022 þar sem ég steig mín fyrstu spor í pólitíkinni. Árangur sem er engan veginn sjálfsagður en hefur gefið mér tækifæri til að halda áfram að vinna fyrir mitt nærsamfélag sem er Sveitarfélagið Árborg. Ég hef alltaf viljað nálgast hlutina af jákvæðni og hreinskilni og með því finna lausnir á þeim verkefnum sem fyrir liggja. Það er auðvelt að horfa til baka og hugsa hvað maður hefði getað gert betur á þessum fyrstu vikum eftir prófkjör en ég vil horfa á það sem mikilvægan lærdóm sem nýtist mér til að taka betri ákvarðanir fyrir samfélagið til framtíðar.

Á síðastliðnum tveimur árum hefur meirihluti D-listans náð góðum árangri við endurskipulagningu á rekstri sveitarfélagsins sem vægast sagt var orðinn erfiður. Hefur það tekist

með góðu samstarfi bæjarfulltrúa og starfsmanna. Margt af því hefur tekið á, ekki síst uppsagnir, skerðing þjónustu og/eða hækkun gjalda. Það er sjaldnast til að afla manni vinsælda en eitt-hvað sem er óumflýjanlegt í ljósi stöðunnar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að staðan getur verið þung í sumum stofnunum sveitarfélagsins vegna þessa og það er sannarlega markmið bæjarstjórnar að bæta úr því eins fljótt og kostur er.

Við sem störfum í þágu sveitarfélagsins okkar viljum reyna að taka sem bestar ákvarðanir, byggðar á þeim upplýsingum sem fyrir liggja hverju sinni. Við töldum óhjákvæmilegt í upphafi kjörtímabilsins að forystufólk bæjarstjórnar yrðu að geta af fullum krafti sinnt þeim verkefnum sem fyrir lágu. Í því ljósi jukum við starfshlutfall formanns bæjarráðs sem undirritaður hefur sinnt eftir bestu getu sl. tvö ár. Þetta hefur alltaf verið uppi á borðinu og umfang vinnunnar sýnt að á þessu var full þörf. Fyrir utan allan undirbúning og vinnslu mála bæjarráðs hafa helstu verkefni formanns þess verið í tengslum við endurskipulagningu reksturs sveitarfélagsins, framsetning byggingarréttargjalds og heildaryfirsýn reksturs og fjárfestinga í 10 ára vinnuáætlun. Við töldum og teljum mikilvægt að sveitarfélagið ráði við áframhaldandi

vöxt og lendi ekki aftur í sömu fjárhagsvandráðum og það var komið í.

Um leið leggjum við mikið upp úr upplýsingagjöf til íbúa í formi greinaskrifa, íbúafundum í minni og stærri hópum ásamt því að funda með forsvarsmönnum fyrirtækja á svæðinu og öðrum þeim sem hafa áhuga á að byggja upp frekari atvinnurekstur í sveitarfélaginu. Óvænt tímabrek verkefni koma svo auðvitað upp. Má þar nefna sem dæmi að í ljósi vanhæfi bæjarstjóra kom formaður bæjarráðs að því að finna lausnir með framkvæmdaaðilum vegna tímabundinna vandræða á afhendingargetu Selfossveitna á heitu vatni. Verkefnin hafa því verið ærin.

Það er ekki sjálfsagt að fá tækifæri til að starfa í forsvari síns sveitarfélags og hef ég alla tíð reynt að nálgast verkefnið af auðmýkt, upplýsa íbúa eins og kostur er og halda góðu samstarfi innan bæjarstjórnar. Mér finnst það hafa gengið hingað til vel og þakkarvert að allir bæjarfulltrúar þvert á flokka hafi tekið þátt af jafn miklum krafti og raun ber vitni. Við erum á réttri leið. Sterk liðsheild eykur líkurnar enn frekar á meiri árangri við að styrkja stöðir sveitarfélagsins.

Meirihluti bæjarstjórnar setti fram ákveðin hagræðingarmarkmið við gerð fjárhagsáætlunar 2024 sem voru ekki eyrna-

merkt á sérstök verkefni. Þannig vildum við áfram velta við öllum steinum í þeirri von að ná fram enn betri nýtingu fjármuna sveitarfélagsins. Hluti af því sem hefur verið skoðað í vetur eru m.a. nefndir sveitarfélagsins, einstaka stofnanir, ýmiss verk efni og hvort endurskoða ætti hlutfall formanns bæjarráðs við fyrirhuguð skipti sem ákveðin voru með samkomulagi í upphafi kjörtímabils og áttu að koma til framkvæmda nú um mánaðamótin.

Óvæntar breytingar á samstarfi meirihlutans þegar einn bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins ákvað að segja sig frá meirihlutanum urðu til þess að samkomulag náðist milli Sjálfstæðisflokksins og bæjarmálefélagsins Áfram Árborg um myndun meirihluta. Svona staða er ekki ákjósanleg en því miður kom hún upp. Við urðum að bregðast við og tel ég að við höfum náð bestu mögulegu lendingunni. Ég er spenntur fyrir samstarfinu enda er það okkar megin hlutverk að í sveitarfélaginu sé starfhæfur meirihluti.

Við breytingarnar núna var ákveðið að lækka starfshlutfall formanns bæjarráðs úr 61,7 prósentu í 42 prósent og um leið aðlaga starfskyldur hans að því sem nú er í vinnslu. Það ásamt annarri hagræðingu er innan samþykkrar fjárhagsáætlunar



þó svo ákveðnir aðilar hafi reynt að halda öðru fram undanfarna daga. Það er miður að pólitíkin sé á þeim stað núna en ég vil horfa björtum augum fram á verkefni komandi mánaða með ykkur íbúum. Við sem erum í pólitíkinni erum ekki hafin yfir gagnrýni og erum sannarlega að hlusta enda viljum við reyna að taka sem bestar ákvarðanir sem skilar okkur á endanum betra sveitarfélagi. Ég er alltaf opinn fyrir samtalinu við íbúa því oftast er gott að ræða málin í eigin persónu.

Með vinsemd og virðingu og tilhlökkun yfir áframhaldandi vinnu fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Bragi Bjarnason,
bæjarstjóri Árborgar




Fræðsludagskrá Vatnajökulspjóðgarðs

Velkomin öll í fræðslugöngur, barnastundir og sérvíðburði um þjóðgarðinn í allt sumar. Nánari dagskrá á vef þjóðgarðsins.



Skannaðu kóðann og skoðaðu fræðsludagskránna



SLAM!

Væntanlega rekur lesendur í rogastans við það að sjá fyrirsögn á erlendu tungumáli. En það á sínar skýringar. Hér verður rekin tilurð og tilgangur grunn-skólaverkefnisins SLAM! í Flúðaskóla og Holbæk Lilleskole í Danmörku.

Hvað er slam?

Hvernig í veröldinni gæti orðið „slam“ tengst grunnskólaverkefni? Og hvað þýðir eiginlega orðið slam?

Væntanlega tengja einhverjir lesendur við „slam in the face“ sem er hluti af skýringu á skólaverkefninu sem hér verður fjallað um. En fyrst og fremst tengist orðið slam hjá okkur í Flúðaskóla og Holbæk Lilleskole í Danmörku, við seyru. Já, seyru! Sem þið, sem hingað til hafið nennt að lesa, vitið jafnvel lítið eða ekkert um. Slam þýðir nefnilega seyra á dönsku. Og þar komum við að grundvallaratriði skólaverkefnisins sem Flúðaskóli ákvað að búa til á haustdögum 2022.

Hvað er seyra?

Svo lesendur átti sig á því hvað seyra er, er hér einföld skilgreining á seyru: Seyra eru föst efni sem skilin eru frá frá-veituvatni.

Seyruverkefnið

Seyruverkefnið svokallaða er sameiginlegt verkefni sex sveitarfélaga á Suðurlandi sem hafa tekið höndum saman um að safna seyru úr rotþróum og til tilraunar, græða upp ákveðin svæði á afrétti Hrunamanna. Þessi sex sveitarfélög eru; Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð og Ásahreppur. Jafnframt tengjast Heibrigðiseftirlit Suðurlands og Land og skógur (áður Landgræðsla ríkisins.) „Verkefnið hefur verið mikið frumkvöðlastarf frá því það hófst og eiga Hannibal Kjartansson veitustjóri Hrunamannahrepps, Jón G. Valgeirsson fyrrum sveitarstjóri Hrunamannahrepps og Börkur R. Brynjarsson fyrrum starfsmaður tæknisviðs UTU mestan þátt í því að koma verkefninu á þann stað sem það er í dag. Verkefnið hefur stækkað ár frá ári. Rotþrær á svæðinu eru um 7000 í lok árs 2022 og fjölgar ört. Í lok árs 2022 eru Seyrustaðir eina vinnslustöð sinnar tegundar á Íslandi.“ (af heimasíðu Seyruverkefnisins).

Lesendum er bent á heimasíðuna



10. bekkur í Flúðaskóla, ásamt foreldrum, náttúrufræðikennaranum, dönskukennaranum og umsjónarkennaranum.

www.seyra.is til frekari upplýsingaöflunar um Seyruverkefnið.

Og hvað?

Það var í hádegisspjalli í Flúðaskóla sem Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri Flúðaskóla, hafði á orði við dönsku-kennarann að hana dreymdi um að Flúðaskóli gæti unnið verkefni í samvinnu við hið svokallaða Seyruverkefni. Þar væru ótrúlega áhugaverð tækifæri t.d. í náttúrufræðikennslu og samfélagsfræðikennslu og jafnvel tungumálum.

Eftir hádegisspjallið fór dönskukennarinn á flug með Nordplus Junior verkefni í huga og að einum degi liðnum var komin hugmynd að verkefni í samvinnu við Seyruverkefnið. Náttúrufræðikennarinn í Flúðaskóla, Sigríður Steinunn Einarsdóttir, tók vel í hugmynd dönskukennarans og úr varð hugmynd að verkefninu SLAM! Með vísan í aðaláherslu Nordplus fram til ársins 2030 þar sem áhersla er lögð á græna og samfélagslega, sjálfbæra sýn, sáum við tækifæri í að tengja við tungumál, samfélagsfræði og stærðfræði þar sem kennarar á unglingastigi myndu vinna saman að verkefni sem tengdist seyru. Allir hljóta að sjá að það að nýta seyru til uppgræðslu á örfoka svæðum, er samfélagsleg sjálfbærni, ásamt fjölmörgum öðrum þáttum sem hægt væri að tengja við verkefnið. Halldóra Hjörleifsdóttir, þáverandi umsjónarmaður Seyruverkefnisins tók afar

jákvætt í hugmyndina og þar með var hugmynd að samstarfsverkefni Flúðaskóla og Seyruverkefnisins orðin að veruleika.

Samstarf við danskan skóla og styrkur Nordplus.

Frá upphafi verkefnisins var ákveðið að aðalvettvangur samstarfsins yrði samstarf við danskan grunnskóla, Seyruverkefnið og tenging við dönsku og náttúrufræði með samþættingu fleiri námsgreina. Þessir þættir voru grunnþættir fyrir styrkumsókn hjá Nordplus.

Náttúrufræðikennarinn og dönskukennarinn í Flúðaskóla sendu Holbæk Lilleskole hugmyndir sínar að verkefni til að athuga hvort skólinn væri til í samstarf í svona stóru verkefni. Holbæk Lilleskole sem var samstarfsskóli Flúðaskóla á öðrum vettvangi, var tilbúinn í að taka þátt í samvinnuverkefni og var í kjölfarið ákveðið að sækja um styrk hjá Nordplus til að halda undirbúningsfund með danska skólanum. Styrkur fékkst fyrir tvo kennara í Flúðaskóla hjá Nordplus Nordic Language til að fara á undirbúningsfund með kennurum í Holbæk Lilleskole þar sem lögð voru drög að verkefninu SLAM! Ákveðið var í kjölfar þess fundar, að sækja um styrk hjá Nordplus Junior til nemendasamstarfs milli þessara tveggja skóla.

Í stuttu máli fékkst styrkur hjá Nordplus Junior fyrir verkefnið SLAM! til að búa til samþættingarverkefni með aðaláherslu á samfélagslega sjálfbærni og samþættingu í dönsku, náttúrufræði, stærðfræði, samfélagsfræði, ensku og íslensku.

Samstarf heimila og skóla

Til að svona samvinna á milli landa gangi upp er augljós kostur að heimili og skóli vinni þétt saman. Þó að styrkur hafi fengist hjá Nordplus Junior, unnu heimili nemendanna að söfnun á dósam og flöskum í heilan feru til að safna fyrir fjármagni fyrir ferðinni til Danmerkur. Þau hafa safnað dósam og flöskum í þeim tveimur sveitarfélögum sem til fjölmargra ára hafa staðið saman að unglingastigi í Flúðaskóla, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Að auki komu nokkrir foreldrar með til aðstoðar í ferðalaginu til Danmerkur. Síðan tóku mörg heimili þátt í

því að taka veglega á móti dönsku nemendum þegar þau komu til að vinna með okkur í Flúðaskóla í byrjun árs. Slík samvinna heimila og skóla er ómetanleg og er algjör grundvöllur fyrir því að erlent samstarf gangi upp. Margfaldar þakkir eru færðar til allra aðstandenda sem staðið hafa vaktina í þessu samstarfi.

Verkefnið SLAM!

Aðaláhersla verkefnisins var seyra og samfélagsleg sjálfbærni og tenging við „slam in the face“ í sambandi við vatnslindir, vatnsnotkun og vatnssóun á heimsvísu ef því yrði við komið en með aðaláherslu á samanburð á Danmörku og Íslandi. Stefnt var að því að nemendur yrðu upplýstir og vissu hvaðan vatn kæmi í Danmörku og á Íslandi, hve mikil vatnsnotkunin væri og hvort við værum að sóa vatni. Jafnframt var áhersla lögð á hvort að við hefðum jafnan aðgang að vatni á Íslandi og í Danmörku miðað við það samfélag sem nemendur í báðum skólum búa í og að athuga hvort seyra væri nýtt á sjálfbærnan hátt í báðum þessum samfélögum (Hrunamannahreppi og Holbæk). Verkefnið SLAM!, unnið af 10. bekk í Flúðaskóla og 9. bekk í Holbæk Lilleskole er því dæmigert verkefni þar sem grunnskóli nýtir stofnanir samfélagsins til að vinna áhugaverð samstarfsverkefni.

Niðurstaða í stuttu máli

Nemendur í 10. bekk í Flúðaskóla og 9.b. í Holbæk Lilleskole vita núna mjög mikið um ferli hreinsistöðva sem hreinsa fráveituvatn. Þau hafa aflað upplýsinga um vatn, vatnsnotkun, vatnslindir, vatnssóun og það hvernig seyra er nýtt í báðum löndum. Þau eru meðvituð um hvaða leiðir samfélög, sama hversu stór eða lítil þau eru, geta farið til að standa sig betur í að vera samfélagslega sjálfbær, t.d. í sambandi við fráveitur.

Nemendur hafa unnið saman að upplýsingaöflun og úrvinnslu sem á köflum mætti segja að hafi verið á framhaldsskólastigi. Þau unnu í fjölbreyttum verk-efnum þegar þau hittast í Danmörku og á Flúðum og heimsóttu áhugaverð fyrirtæki og hreinsistöð. Jafnframt nutu þau þess að kynnast vel og sum hver hafa eignast vini til framtíðar. Þau hafa aukið þekkingu sína í öllum námsgrein-um sem samþætтуð voru við verkefnið. Samvinnan var bæði skemmtileg



Verkefni um metangas í undirbúningi í Holbæk Lilleskole þar sem danskir og íslenskir nemendur unnu saman



Nemendur Holbæk Lilleskole og Flúðaskóla fengu frábæra kynningu í Roskilde renseanlæg

og áhugaverð og óhætt að segja að nær allir nemendur hafi unnið verkið vel í hvívetna

Markið var sett hátt í upphafi verkefnisins og hafa sum markmiðin orðið veigameiri en önnur í ferlinu en nemendur komust að góðri niðurstöðu og náðu sér í mikla þekkingu. Og það allra besta við verkefnið SLAM! var að þau skemmtu sér nær oftast vel við vinnuna en það er mikils virði þegar lagt er af stað með svona samvinnuverkefni milli landa.

Heimasíða SLAM! er afrakstur

Nemendur hafa sett inn afrakstur verkefnisins SLAM! á heimasíðuna sem er enn í vinnslu en mun verða fullmótuð á næstu dögum. Hér er tengillinn inn á heimasíðuna:

<https://sites.google.com/view/slam-fludaskoli/heim>

Þar er hægt að lesa og horfa á ýmis konar afrakstur og niðurstöður nemendanna frá báðum löndum. Við hvetjum

skóla til að skoða þá fjölbreyttu möguleika sem felast í samstarfi við nærsamfélagið til að búa til áhugaverð verkefni.

Nordplus Junior

Nordplus Junior er frábær vettvangur til að vinna fjölbreytt verkefni í samstarfi við skóla í nágrannalöndunum okkar, á norrænum vettvangi.

Við hvetjum alla skóla til að kynna sér starf Nordplus og hikið ekki við að hafa samband við frábæra starfsmenn Rannís til að fá upplýsingar eða leiðbeiningar; <https://www.rannis.is/>

Flúðaskóli mælir svo sannarlega með samstarfi við Nordplus.

Hér er tengill inn á heimasíðu Nordplus.

<https://nordic.nordplusonline.org>

Anna Kristjana Ásmundsdóttir, dönsku-kennari Flúðaskóla og verkefnisstjóri SLAM!

Sigríður Steinunn Einarisdóttir, náttúrufræðikennari Flúðaskóla.



Þegar gert var stutt stopp í Kaupmannahöfn, skoðaði 10. bekkur Flúðaskóla ýmsa staði sem tengjast menningu Dana. Hér eru þau stödd við hinu frægu fila í Carlsberg



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá liðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur,
heilsuráðgjöf, nudd og
svæðanudd.Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsnir breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttatræðum,
nálastundur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð. fimmtudaga kl. 20:30.

TAPAD / FUNDIÐ

Gullarband með hvítagulls-
hlekkjum tapaðist í Hveragerði.
Finnandi vinsamlegast hafi
samband við Sjófn Har í
GSM:666 9030 Fundarlaun.

Fræðslunetið á faraldsfæti

Á starfsdegi Fræðslunetsins þetta vorið var ákveðið að heimsækja fræðsluáðila í Reykjavík til að kynna starfsemi þeirra og ýmsum nýjungum í starfinu. Fyrst var farið í Iðuna fræðslusetur þar sem kynnt var rafræn skráning á raunfærnimati. Verkefni sem hefur verið í þróun í nokkur undanfarin ár og verður vonandi brátt lokið við, þannig að öll skráning raunfærnimats verði rafræn. Iðan er fræðslusetur iðngreina og þar er framkvæmt raunfærnimat í iðngreinum. Víst er að aðrar símenntunarmiðstöðvar bíða spenntar eftir því að þessu verkefni verði lokið svo þær geti nýtt þessa tækni við skráningu raunfærnimats.

Næst lá leiðin í Endurmenntun Háskóla Íslands þar sem starfsemi þess var kynnt og einnig helstu nýjungar sem blasa við á næstunni. Starfsemi endurmenntunar er afar öflug og viðamikil.

Mímir símenntun var að lok-

um heimsótt. Þar var farið yfir ýmsa þætti starfseminnar sem er á margan hátt sambærileg við starfsemi Fræðslunetsins. Mímir sér einnig um ríkisborgarpróf og annast einnig prófþjónustu fyrir háskóla á landsbyggðinni líkt og Háskólafélag Suðurlands gerir á okkar svæði.

Starfsfólk Fræðslunetsins

fékk afskaplega góðar og hlýlegar móttökur og ekki má gleyma höfðinglegum veitingum. Það er alltaf fróðlegt og skemmtilegt að heimsækja stofnanir sem starfa í sama geira, kynnast bæði starfsemi þeirra og starfsfólki. Starfsfólk Fræðslunetsins þakkar kærlega fyrir sig.



Starfsfólk fræðslunetsins ásamt starfsfólki hjá Mími í húsaýnnun Mímis á Höfðabakka.

Helgi og Sigrún Tinmenn HSU

Tinmaður HSU 2024 fór fram á laugardaginn 25. maí 2024. Um er að ræða þrífaut þar sem byrjað er á að synda 1.000 metra í Sundlauginni í Laugaskarði í Hveragerði, þá tók við 20 km á hjóli þar sem keppendur hjóluðu frá Hveragerði eftir sveitaveginum að hringtorginu við Selfoss og til baka og luku svo keppni á 5 km hlaupi í fall-egu umhverfi fyrir ofan Hveragerði.

Átta keppendur mættu til leiks í einstaklingskeppni og tóku fullan Tinmann með glæsilegum árangri. Þá hóf eitt lið keppni en gæsin í því liði var sótt af stórum vinkvennahópi eftir tæpa 500 metra þannig að liðið náði ekki að ljúka keppni. Sigurvegari Tinmanns HSU

2024 í karlaflokki er Helgi Hafsteinn Helgason og í kvennaflokki Sigrún Birna Hafsteinsdóttir.

Færir starfsfólk HSU þeim Helga og Sigrúnu hjartanlegar

hamingjuóskir með árangurinn sem og Hveragerðisbæ og starfsfólki Laugaskarðs kærar þakkir fyrir afnotin af sundlauginni og veitta aðstoð.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur lifir

Samhliða forsetakosningum þann 1. júní sl. kusu íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um það hvort skipta ætti um nafn á sveitarfélaginu. Á kjörskrá í sveitarfélaginu voru 462 og kusu alls 339 manns, alls 73.37%.

Auðir og ógildir seðlar voru 9, þau sem vildu skipta um nafn voru 131 og þau sem ekki vildu

skipta um nafn voru 199 og því ljóst að Skeiða- og Gnúpverjahreppur heldur sínu nafni.



KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa kl 11. Sr. Kristján
Björnsson vígslubiskup þjónar fyrir
altari. Verið velkomin.

Selfosskirkja

Messa klukkan 11 í Selfosskirkju
sunnudaginn 9. júní. Kirkjukórinn
leiðir sönginn, organisti dagsins er
Ester, prestur Ása Björk og Guðný
er kirkjuvörður.



VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



📍 Lyngháls 1, 110 Rvk 📞 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📞 4 600 700
🌐 prentmetoddi.is



Snjóbíllinn Gusi afhentur Skógasafni



Í síðustu viku afhenti fjölskylda Guðmundar Jónssonar Skógasafni snjóbíllinn Gusi til varðveislu. Gusi á sér langa og merkilega sögu, hvort sem það snýr að leiðöngurum til að kanna hálendi Íslands eða fræknum björgunarafrækum.

Guðmundur Jónasson keypti snjóbíllinn Gusi árið 1952 þegar höft voru á viðskiptum erlendis frá. Fyrstu verkefni tengdust neyðaraðstoð við bændur á Austurlandi vegna mikils harðæris sem þá ríkti.

Gusi var vel búinn, með einangruðu farþegarými, miðstöð og gott pláss fyrir þá 12 farþega sem leyfi var fyrir að sitja aftan í snjóbílnum. Guðmundur fékk undanþágu til að setja talstöð í Gusa en þær voru á þeim tíma aðeins leifar í siglingar. Til viðbótar setti hann áttavita og hæðarmæli úr flugvél og vegmæli sem festur var á hjól sem dregið var eftir snjóbílnum í jöklaferðum. Þannig var hægt að staðsetja sig, sem þótti merki-legt á þessum tíma. Með þessum viðbótum aðlagðist snjóbíllinn vel að íslenskum aðstæðum. Vegna verkvits hugsjónamannsins Guðmundar Jónssonar varð Gusi mjög fljótt vinsæll í krefjandi háfjalla- og jöklaferkefni.

Þrátt fyrir aldur er Gusi enn öflugur. Hann gat náð 60 kílómetra hraða á klukkustund en algengasti hraði á jöklum var um 25-30 kílómetrar á klukkustund. Og það getur hann enn.

Sem dæmi um afrek var Gusi mikið notaður í jökla-annsóknarleiðöngurum í upphafi Jöklaannsóknafélags Íslands.

„Saga Gusa er merkileg í samgöngusögu Íslendinga. Við vitum hvað snjóbíllinn var Guðmundi Jónassyni kær og það er mikill heiður að varðveita Gusa hjá okkur í Samgöngusafninu,“ sagði Andri Guðmundsson, forstöðumaður Skógasafns.

Á Samgöngusafninu í Skógum munu gestir geta litið snjóbíllinn augum og fræðst um ævintýri hans og þá íslensku könnunar- og björgunarleiðangra þar sem snjóbíllinn Gusi var í fararbroddi.



FALIN PARADÍS

Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi

Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opíð alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. Í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl. Sími 692 3555 - hraunborgir33@gmail.com



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is